

Ár 1973, mánudaginn 3. desember, var í málinu nr. 53/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að Akureyrarkaupstaður hefur lagt fasteignaskatt á eftirtaldar eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Akureyri:

1. Grímseyjargata (staðgr. 600.668.205), sem í fasteignamati er metin á kr. 697.000,-.
2. Laufásgata 4 (staðgr. 600.668.211), sem í fasteignamati er metin á kr. 338.000,-.
3. Laufásgata 6 (staðgr. 600.668.212), sem í fasteignamati er metin á kr. 193.000,-.
4. Óseyri 9 (staðgr. 600.487.505), sem í fasteignamati er metin á kr. 812.000,-.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa neitað greiðslu fasteignaskatts fyrir árin 1972 og 1973 og bera þar fyrir sig ákvæði 77. gr. orkulaga nr. 58/1967. Af þessu tilefni hefur Akureyrarkaupstaður ritað Yfirfasteignamatsnefnd bréf, dags. 12. nóvember 1973, og óskað úrlausnar nefndarinnar um skyldu Rafmagnsveitna ríkisins til að greiða fasteignaskatt af fyrrgreindum eignum.

Að vísu er það meginregla 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, að greiða skuli fasteignaskatt af öllum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati, og ekki eiga undanþáguákvæði 5. gr. sömu laga hér heldur við. Á hinn bóginn verður ekki talið, að með lögum þessum, sem setja almennar reglur um fasteignaskatt til sveitarfélaga, hafi verið tilætlanin að haggja við undanþágum einstakra nafngreindra fyrirtækja samkvæmt sérstökum lögum, þótt eldri séu en tekjustofnalögin.

77. gr. orkulaga nr. 58/1967 er svohljóðandi:

„Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins, Orkusjóður og jarðboranir ríkisins eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga“.


Líta verður svo á, að ákvæði þetta taki til fasteignaskatts, og eru Rafmagnsveitur ríkisins því samkvæmt framansögðu undanþegnar fasteignaskatti af umræddum fasteignum.

ÚRSKURÐARORÐ:

Rafmagnsveitum ríkisins er eigi skylt að svara fasteigna-
skatti af ofangreindum fasteignum.


Gaukur Jónsson

Torfi Asgeirsson


Pálmi Jónsson